

Ed.

460. Nefndarlit

um frumvarp til laga um mjólkursölu í Reykjavík.

Frá allsherjarnefnd.

Frumvarp þetta er fram komið út af öðru frumvarpi, sem felt var í neðri deild, um heimild fyrir bæjarstjórn Reykjavíkur til einkasölu á mjólk. Þótti nefndinni, sem málið hafði til meðferðar, það of langt farið, sem sjá má á þingskjali 93.

Í þessu frumvarpi er bæjarstjórn ætluð að eins heimild til að setja ákvæði um alt, er lýtur að meðferð og gæðum mjólkurinnar.

Í fyrri málsgrein 1. greinar er þessi heimild ákveðin. En í síðari málsgrein greinarinnar er sett beint lagabann fyrir því, að neinn megi standa fyrir sölu á mjólk, nema með leyfi heilbrigðisnefndar. Þetta fer út fyrir það takmark, sem frumvarpið setur sjer, að veita bæjarstjórninni heimild, og mun hugsunin vera sú, að hún skuli meðal annars hafa heimild til að setja þetta skilyrði, að leyfi heilbrigðisnefndar komi til, og þykir nefndinni rjett að breyta orðalagi í þessa átt.

3. og 4. gr. virðist rjettast að setja saman í eina grein, með því að þær ræða báðar um samskonar efni, um bann gegn sölu og notkun mjólkur, þegar svo stendur á, að mjólkurskortur er. Það þykir oss þó of langt farið, að banna megi alla neyslu á veitingastöðum, og viljum breyta í þessu efni.

Ræður nefndin til, að frumvarpið nái fram að ganga og samþykta verði við það þessar

BREYTINGARTILLÖGUR.

Við 1. gr. Í stað orðanna: »Enginn má« komi:
Heimilt er henni og að ákveða, að enginn megi.

Við 3. og 4. gr. Greinarnar verði ein grein og orðist svo:

Meðan mjólkurskortur er í Reykjavík, er bæjarstjórn heimilt að banna sölu á mjólk eða rjóma til neyslu á sölustaðnum og sömuleiðis notkun mjólkur og rjóma til niðursuðu eða til sælgætis, sem gert er í brauðgerðarhúsum eða í sambandi við aðra atvinnu til sölu handa almenningi.

Við 5. gr. Í stað orðanna: »Undir sama skilorði« komi:
Þegar svo stendur á.

Alþingi, 14. ágúst 1917.

Magnús Torfason,
formaður.

Kristinn Danielsson,
ritari.

H. Hafstein.